



Siglingaklúbburinn Nökkvi



**REKSTRARSAMNINGUR  
AKUREYRARBÆJAR OG  
SIGLINGAKLÚBBSINS NÖKKVA  
2022-2026**

## Rekstrarsamningur

Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Siglingaklúbburinn Nökkvi (í samningi þessum nefnt Nökkvi), kt. 450979-0319, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning:

### I. Umfang og markmið samnings

#### 1. gr.

Fyrir framlag Akureyrarbæjar til Nökkva skal félagið sjá um rekstur og umsjón félagssvæðis Nökkva, þ.m.t. aðstöðumannvirki ásamt íþróttatengdri starfsemi. Nökkvi skal annast alla þjónustu við félagsmenn og við æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta félagssvæðið og mannvirknið.

### II. Afnot af félagssvæðissvæðinu

#### 2. gr.

Nökkvi nýtir aðstöðuna á félagssvæðinu til undirbúnings, geymslu, funda, æfinga og keppni á vegum félagsins.

Aðstaðan á félagssvæðinu er opin fyrir félagsmönnum svo lengi sem aðstæður (veður og birta) leyfa til siglinga yfir sumartímann. Félagsmenn hafa aðgang að aðstöðunni yfir vetrarmánuðina til viðhaldsverkefna sem og siglinga ef aðstæður leyfa.

#### 3. gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta aðstöðuna á félagssvæðinu í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans vegum. Akureyrarbær greiðir þann umfram rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef Nökkvi veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við Nökkva og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.


### III. Rekstur félagssvæðis Nökkva

#### 4. gr.

Framlag Akureyrarbær vegna þessa samnings er kr. 1.023.000 fyrir október til og með desember 2022, eða kr. 341.000 á mánuði. Áætlað framlag Akureyrarbæjar vegna þessa samnings er kr. 4.093.000 fyrir árið 2023, (kr. 341.083/mánuði) sem uppreiknast og tekur breytingum samhliða breytingum á kjarasamningum sbr. fylgiskjal nr. 1. Í fylgiskjali nr. 1 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar auk útskýringa hvernig framlagið þróast á samningstímanum.

Fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Nökkvi á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.



Sbr. 13. gr. skal Akureyrarbær tilkynna Nökkva um breytingar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi. Beri fyrsta virka dag mánaðar uppá langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

#### 5. gr.

Aðalstjórn Nökkva er ábyrg fyrir rekstri Félagssvæðis Nökkva og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skal skipað þannig í nefndir, ráð og stjórnir þeirra félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ að þess sé gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Ef kynjahlutfall er ekki samkvæmt stefnunni í dag, skal félagið gæta þess næst þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir félagsins að það uppfylli ákvæði mannréttindastefnu Akureyrarbæjar, fylgiskjal 6.

Aðalstjórn Nökkva skal skipa umsjónarmann með þekkingu og reynslu á sviði rekstrar. Umsjónarmaður skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun félagssvæðis Nökkva og heyra störf hans beint undir stjórn félagsins.

Umsjónarmaður félagssvæðis Nökkva heldur utan um og tekur saman yfirlit yfir starfsemina í mannvirkinu.

#### 6. gr.

Nökkvi fær í sinn hlut allar tekjur sem félagssvæðið kann að gefa af sér, s.s. útleiga til almennings, auglýsingatekjur, veitingasölutekjur og aðrar tekjur af rekstri, í samræmi við samning þennan. Nökkva er einum heimilt að stunda sölustarfsemi og/eða framselja til þriðja aðila á félagssvæðinu á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi til skólabarna er bönnuð á skólatíma.


Nökkva er heimilt að setja upp auglýsingar, sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta, á veggum innanhúss í aðstöðunni á félagssvæðinu og á lóð félagssvæðis Nökkva og skal það gert í fullu samráði við forstöðumann íþróttamála og fulltrúa UMSA og sbr. ákvæði í fylgiskjali nr. 3 um auglýsingar í íþróttamannvirkjum.

Fjáröflun Nökkva skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Akureyrarbæ.

### IV. Rekstrarkostnaður, viðhald, umgengni og skilyrði

#### 7. gr.

Nökkvi greiðir rekstrarkostnað vegna minni áhaldna og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt minna viðhald á félagssvæðinu. Þó greiðir Akureyrarbær rafmagn, hita, kalt vatn, fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af mannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar (eignatryggingar).



Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) annast viðhald á mannvirkjum eins og kemur fram í reglum um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka (hlekkur í fylgiskjal nr. 5). UMSA vinnur árlega viðhaldsáætlun í samráði við umsjónarmann Félagssvæðis Nökkva, íþróttadeild og ÍBA.

#### 8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á félagssvæðinu eru á ábyrgð Nökkva og skulu vera í samræmi við kröfur Akureyrarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á félagssvæðinu eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Akureyrarbæ.

Nánari útlitun á atriðum varðandi rekstur, skilyrði, starfsmannahald, rekstrarkostnað, tryggingar o.fl. eru í fylgiskjali nr. 3.

#### V. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins

#### 9. gr.

Nökkva er skylt að halda bókhald vegna reksturs félagsins, þ.m.t. félagssvæðisins, sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega í samræmi við „Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar“.

- a. Nökkvi skal skila rekstraráætlun næsta árs til forstöðumanns íþróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. febrúar ár hvert.
- b. Nökkvi skal skila ársreikningi síðasta árs til forstöðumanns íþróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. maí ár hvert.
- c. Ársreikningar Nökkvi skulu vera aðgengilegir almenningi á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

#### 10. gr.

Tvisvar á hverju ári, í lok apríl og um miðjan september, gerir forráðamaður Nökkva sviðsstjóra fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, forstöðumanni íþróttamála og framkvæmdastjóra ÍBA grein fyrir rekstrarstöðu Nökkva. Boðun fundanna er á ábyrgð forstöðumanns íþróttamála. Skulu upplýsingarnar sem koma fram á þessum fundum kynntar fræðslu- og lýðheilsuráði í kjölfarið.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Akureyrarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjölum, frekari útskýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn innan ramma persónuverndarlaga. Verði Nökkvi ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur skv. 4. gr. með 3 mánaða fyrirvara frá næstu mánaðamótum eftir skiladag upplýsinga uns úrbætur hafa átt sér stað. Nökkvi getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

#### 11. gr.

Forstöðumaður íþróttamála er eftirlitsaðili með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar. Telji fulltrúar Akureyrarbæjar að félagssvæðið sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, samkvæmt reglum um vinnueftirlit, í samræmi við samninga um réttindi og kjör starfsmanna eða reglur

um heilbrigði og öryggi, skal skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Nökkvi ekki við þeim tilmælum er Akureyrarbæ heimilt að stöðva greiðslur með 3 mánaða fyrirvara sbr. 4. gr.

## VI. Fylgiskjöl með samningi

### 12. gr.

Með samningi þessum eru 5 fylgiskjöl sem fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af Félagssvæðissvæðinu, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa;

1. Fylgiskjal nr. 1 – Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til Nökkva
2. Fylgiskjal nr. 2 – Verkefni starfsmanns félagssvæðis Nökkva.
3. Fylgiskjal nr. 3 – Rekstur, skilyrði ofl.
4. Fylgiskjal nr. 4 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni
5. Fylgiskjal nr. 5 – Mannréttindastefna Akureyrarbæjar og listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja.

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.


### 13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. október 2022 og gildir til 31. desember 2026.

Annar hvor samningsaðili getur óskað eftir endurskoðun eða uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Akureyri, 31. október 2022

F.h. Siglingaklúbbsins Nökkva


  
Tryggvi Johann Heimisson formaður


F.h. Akureyrarbæjar

  
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn og kennitala

  
2109692929

  
050579-5069

## Fylgiskjal nr. 1 - Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til Nökkva

Framlag Akureyrarbæjar miðast við umsjón og daglegan rekstur félagssvæðis Nökkva sem dreifist mismunandi yfir árið m.t.t. verkefna og starfsemi á félagssvæðinu.

### Framlag Akureyrarbæjar til Nökkva:

- Vegna launa 50% stöðugildis á ársgrundvelli samkvæmt kjarasamningi Kjalar og Kjaramálanefndar sambands Ísl. sveitarfélaga launaflokki 121 fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja vegna reksturs, umsjónar, viðhalds, þrifa og vöktunar á félagssvæðinu, sbr. fylgiskjal nr. 3.  
Framlag samkvæmt þessum lið framreiknast árlega í samræmi við breytingar á launum starfsmanna íþróttahúsa samkvæmt kjarasamningi Kjalar og Launaneftndar sveitarfélaga launaflokki 121-1 þrep á gildistíma þessa samnings.
- Vegna yfirstjórnar rekstursins, skrifstofukostnaðar, bókhalds- og endurskoðunarkostnaðar. Framlag samkvæmt þessum lið reiknast sem 15% hlutfalli af lið a).
- Vegna rekstrarvara fyrir mannvirkni, t.d. vöru- og þjónustukaup og minniháttar viðhalds skv. skilgreiningu UMSA í mannvirkjum Akureyrarbæjar sjá fylgiskjal nr. 4.  
Framlag samkvæmt þessum lið framreiknast um 3% milli ára á samningstímanum í fyrsta sinn 1. janúar 2023.

### Skilgreining og sundurliðun á rekstrarstyrk

Rekstur mannvirkis	okt. - des. 2022*	Árið 2023
a) Laun starfsmanna íþróttamannvirkis mv. 0,5 stg	853.300	3.447.000**
b) Yfirstjórn, skrifstofa, bókhald og endurskoðun (15%)	128.000	517.000**
c) Rekstrarvörur og minniháttar viðhald	41.700	129.000
<b>Samtals</b>	<b>1.023.000</b>	<b>4.093.000</b>

\*Greiðslur vegna 2022 eru frá október til og með 1. desember og eru í samræmi við fyrri framlög til félagsins árið 2022 skv. samningi frá 2021.

\*\*Framlag samkvæmt þessum lið framreiknast fyrst árið 2023 og í samræmi við breytingar á launum starfsmanna íþróttahúsa samkvæmt kjarasamningi Kjalar og Launaneftndar sveitarfélaga launaflokki 121-1 þrep á gildistíma þessa samnings.

# Starfslýsing

Starfsheiti

Umsjónarmaður félagssvæðis Nökkva

## Almennt um starfið

### Tilgangur og markmið starfs

Umsjónarmaður er starfsmaður stjórnar Siglingaklúbbsins Nökkva og hefur umsjón með félagssvæði Nökkva við Drottningabraut, þ.m.t. nýju aðstöðuhúsi.

Starfið skiptist í sumar- og vetrarstarf. Sumarstarfið krefst meiri viðveru og virkni í öllum verkefnum starfslýsingarinnar á meðan vetrarstarfið kallar á minni viðveru um leið og sum verkefni starfslýsingarinnar fara í vetrardvala.

Að notendur upplifi frábæra þjónustu, í hreinum, öruggum og snyrtilegum íþróttamannvirki. Þannig felst starfið jöfnum höndum í umsjón með húsnæði, samskiptum, öryggisvörslu og þjónustu, auk þrifa og klefavörslu svo gestir íþróttamannvirkisins geti sinnt sínum erindum öruggir og innan setts tímaramma.

### Helstu verkefni

- Húsvarsla og daglegt eftirlit í íþróttamannvirkinu.
- Sinna almennri öryggisgæslu í húsinu, s.s. eftirlit með því að öryggisreglum sé fylgt og halda neyðarútgönguleiðum greiðum.
- Sér um að öll notkun á íþróttamannvirkinu og starfssemi fari fram samkvæmt gildandi reglum og ákvæðum þar um og að samþykktum reglum um öryggi í íþróttamannvirkjum sé fylgt eftir.
- Að þjónusta notendur, sem aðallega eru börn og unglingar, vegna æfinga og móta o.þ.h.
- Að eiga jákvæð samskipti við notendur íþróttamannvirkisins.
- Að sinna minniháttar meiðslum og óhöppum iðkenda þegar þess þarf.
- Fylgjast með samskiptum notenda og leysir úr þeim ágreiningi sem upp kemur.
- Tekur samstundis á áreitni og ofbeldi s.s. í búningsklefum og vísar erfiðum málum í réttan farveg.
- Skráir daglega aðsóknartölur í íþróttamannvirkinu.
- Dagleg símsvörun.
- Dagleg almenn umhirða og þrif í mannvirkinu eftir hreinlætisgátlista, s.s. dagleg ræsting í sal, búningsklefum, salernum
- Stjórnar og hefur eftirlit með loftræstingu, hitastigi og ljósum í klefum og sal.
- Yfirfer og tryggir að búnaður íþróttamannvirkisins virki og sé öruggur.
- Sinnir minniháttar viðhaldi á áhöldum, tækjum og fasteign, t.d. peruskípti o.fl. og kemur óskum um lagfæringar í farveg.
- Sér um fánaborg utandyra þegar það á við.
- Undirbúningur vegna íþróttaviðburða.
- Taka saman og ganga frá óskilamunum. Hringja út vegna merktra muna í óskilamunum.

- Utanhúss verkefni starfsins felst í þrifum á húsnæði, gluggum, lóð og að inn- og útgönguleiðum haldið auðum yfir vetrartímann.
- Yfir sumartímann verkstýrir umsjónarmaður öðrum þeim starfsmönnum sem félagið hefur á sínum snærum í vinnu á Félagssvæði Nökkva.

### Önnur verkefni

---

- Eftirlit með búnaði mannvirkis og félags.
- Fara yfir verkferla varðandi móttöku nemenda, úrrausn frávikstilfella og samstarf um ferð notenda um mannvirkið í samstarfi við þjálfara í tengslum við kennslu og þjálfun í upphafi hvers tímabils.
- Hafi notendur (iðkendur) í frammi hrekki, háreisti, átök eða hrindingar í búningsklefum eða göngum íþróttamannvirkisins og láti ekki segjast við afskipti starfsmanns er honum skylt að leita aðstoðar þjálfara.

### Vinnuáætlun

---

Starfið fer fram jafnt innandyra sem og utandyra.

Aðstæður geta komið upp þar sem starfsmaður þarf að vera úti við eða í rými eða þar sem tækjabúnaður starfseminnar er til staðar.

Starfar með ýmsan búnað og efni við ræstingu og þrif.

### Ábyrgð

---

- Ábyrgð á að húsið sé læst að lokinni notkun.
- Tryggir að öryggi sé samkvæmt verkferlum og stöðlum.
- Eldvarnarkerfi og slökkvibúnaður sé í lagi.
- Stuðla að vellíðan einstaklinga og hópa.
- Eftirlit með því að reglur hússins séu virtar.
- Starfsmaður gegnir öryggishlutverki.
- Bregst við hættuástandi og aðstoðar við slys þegar þörf er á skv. verklagi þar um.
- Starfsmaður skal gæta trúnaðar um hvert það sem hann verður áskynja um í starfi.

Starfsmaður skal stuðla að góðri ímynd Nökkva og koma fram með hagsmuni félagsins og vinnustaðar að leiðarljósi.

### Grunnkröfur

#### Menntun, reynsla og hæfni/færni

---

- Rík þjónustulund.
- Á auðvelt með að umgangast börn sem og fullorðna.
- Góður samstarfsvilji.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum kostur.
- Samskiptafærni.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- *Vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.*
- *Gild skyndihjálparréttindi kostur.*

#### Samskipti/helstu samstarfsaðilar

---

Dagleg samskipti við notendur, s.s. iðkendur, samstarfsmenn og þjálfara.

TJH  
R



Sjaldnar samskipti við stjórnarmenn Nökkva og foreldra iðkenda.  
**Mannaforráð**

---

Nei.

**Sérverkefni starfsmanns**

---

Um það skal gera sérstakt samkomulag við forstöðumann.

**Stefnumótun og/eða nefndarseta**

---

Á ekki við

### **Annað:**

Stærsti hópur notenda íþróttamannvirkja eru börn og unglingar sem eru m.a. að læra á umgengni um íþróttamannvirki og samskipti við aðra notendur. Það er hluti af verkefni starfsmanns að veita notendum jákvæða endurgjöf, leiðbeinandi tilsögn um umgengni og stuðla að jákvæðum samskiptum.

Umsjónarmaður skal uppfylla skilyrði 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 að hafa ekki notið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

Yfirmenn þeirra aðila sem falla undir íþróttalög nr. 64/1998 og sinna íþróttastarfi eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur sem sótt hefur um starf við að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri hefur hlotið dóm vegna brota.

Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning verkefna. Starfsmaður annast önnur þau störf sem honum kunna að vera falin af stjórn Nökkva og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

Réttindi og skyldur starfsmanns eru samkvæmt kjarasamningi.

Akureyri, \_\_\_\_\_ -

---

Undirskrift f.h. Nökkva

---

Staðfesting starfsmanns á móttöku starfslýsingar

Fylgiskjal nr. 3 – Rekstur, skilyrði ofl.



## Rekstur og skilyrði

- Nökkva er óheimilt að veðsetja greiðslur skv. samningi þessum. Þá er Nökkva óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum. Akureyrarbæ er heimilt að ráðstafa greiðslum skv. samningi þessum í samræmi við samningsskuldbindingar Nökkva þannig að greiðslunum sé varið í þá þætti sem þeim er ætlað að ganga til greiðslu á ef vanskil myndast á þeim þáttum hjá Nökkva. Þá er Akureyrarbæ eða stofnunum hans heimilt að skuldajafna gjaldföllum kröfum Akureyrarbæjar á hendur Nökkva á móti samningsgreiðslum.
- Nökkva er óheimilt að veðsetja eignir sínar eftir gildistöku þessa samnings, nema að fengnu samþykki Akureyrarbæjar.

### Starfsmannahald

- Meðal verkefna umsjónarmanns er eftirlit, þrif og önnur verk sem til falla. Umsjónarmaður skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl. meðal þeirra sem starfa á vegum félagsins við umsjón mannvirkisins.
- Starfsmenn Nökkva skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða upplýsingar úr sakaskrá.
- Umsjónarmaður skal gæta þess að starfsemi félagssvæðis Nökkva brjóti ekki í bága við almennar reglur Akureyrarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem forstöðumaður íþróttamála telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja á Akureyri og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli Nökkva og Akureyrarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur félagssvæðis Nökkva að þeim ábendingum sem forstöðumaður íþróttamála kemur á framfæri fyrir hönd Akureyrarbæjar.
- Starfsmenn Nökkva skulu ráðnir af Nökkva og á ábyrgð þess að öllu leyti. Óheimilt er að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.
- Félagið skuldbindur sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá kjarasamninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Akureyrarbæ. Nökkvi greiðir allan kostnað vegna starfsmannahalds, launatengdra gjalda, trygginga o.s.frv.
- Umsjónarmaður skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun félagssvæðis Nökkva og er þannig umsjónarmaður hennar og heyrir því sá hluti starfa hans beint undir stjórn Nökkva.
- Umsjónarmaður gætir þess að umgengisreglur félagssvæðis Nökkva séu virtar.
- Félagið ber ábyrgð á að öllum starfsmönnum félagsins, þjálfurum, leiðbeinendum og starfsmönnum íþróttamannvirkja félagsins, séu kynntar þær reglur og lög um öryggi sem við eiga á hverjum stað sbr. Reglur um öryggi í íþróttahúsum.
- Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins. Slíkt áhættumat skal Nökkvi framkvæma einu sinni á ári og kynna forstöðumanni íþróttamála.

TGH  
A

- Akureyrarbær kemur til móts við kostnað Nökkva vegna langtímaveikinda starfsmanna. Nökkvi getur innheimt sérstaklega kostnað vegna þessara langtímaveikinda (samfelld veikindi meira en 1 mánuður) hjá Akureyrarbæ. Framvísa skal læknisvottorði viðkomandi starfsmanns í slíkum tilfellum.
- Nökkvi skal tryggja að allir starfsmenn hafi starfs- og verklýsingar sem Akureyrarbær getur kallað eftir.

### **Rekstrarkostnaður, mannvirki, aðstaða, tryggingar, viðhald o.fl.**

- Akureyrarbær greiðir kostnað vegna rafmagns, hita- og kalt vatns af mannvirkjum Akureyrarbæjar á félagssvæði Nökkva.
- Nökkvi skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna mannvirkisins.
- Nökkvi skal sjá til þess að öll umhirða og umgengni í íþróttamannvirkjum sé með þeim hætti að ekki skapist hætta af fyrir notendur og gesti. Nökkvi skal kaupa tryggingu vegna þessa.
- Nökkvi skal útbúa og fylgja þrifaáætlun fyrir félagssvæðið og skila til forstöðumanns íþróttamála.
- Félagið skal flokka rusl sem fellur til á félagssvæðinu og setja upp flokkunarruslafötur fyrir notendur svæðisins.
- Umsjónarmaður félagssvæðis Nökkva er í forsvari fyrir félagið í öryggismálum og heldur saman öllum skýrslum um slys og óhöpp sem eiga sér stað í, á eða við íþróttamannvirki sem samningurinn tekur til.
- Akureyrarbær ber ábyrgð á tjóni/meiðslum sem verða í þeim mannvirkjum sem samningurinn tekur til ef hægt er að rekja það til gallaðs útbúnaðar viðkomandi mannvirkja.
- Nökkvi annast allt minniháttar viðhald og viðgerðir húsgagna, tækja og búnaðar.
- Þar sem félagssvæðið er skilgreind sem samstarfsstofnun Akureyrarbæjar í útboðum vegna gámalosunar, hreinlætisvara og boða frá öryggiskerfum getur Nökkvi nýtt sér sömu kjör og Akureyrarbær í þessum þjónustukaupum fyrir félagssvæðið.
- Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni. Þessi kostnaður er innifalinn í styrkuppþæð Akureyrarbæjar sbr. a lið í fylgiskjali nr. 1 hér að ofan.
- Forgangsaætlun um stærra viðhald og endurnýjun búnaðar á félagssvæðinu (sem ekki fellur undir rekstur íþróttafélags sbr. fylgiskjal nr. 4) skal Umsjónarmaður skila inn til ÍBA fyrir 1. ágúst ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsaætlunina mun ÍBA síðan áframsenda til Akureyrarbæjar sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins, af gefnu samráði við UMSA.

### **Aðgerðaráætlun mannréttindastefnu**

Samkvæmt aðgerðaráætlun mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skulu styrktarsamningar við félög sem sinna íþrótt- og tómstundastarfi innihaldi a) ákvæði um samþættingu mannréttindasjónarmiða og hvernig öryggi iðkenda sé tryggt og b) ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun.

TJH  


Þannig skal stjórn Nökkva bera sérstaka ábyrgð á að skipuleggja félags- og tómstundastarf með mannréttindi og jafna meðferð einstaklinga að leiðarljósi og gæta mannréttinda og jafna meðferð í hvívetna

Stjórn Nökkva skal tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 þar sem þau nýmæli eru m.a. að þar er lagt bann við fjölþættri mismunun á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögnum og lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna

### **Auglýsingar í íþróttamannvirkjum.**

Í fjáröflunarskyni er félaginu og einstökum deildum heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Uppsetning á auglýsingum utan á mannvirkjum Akureyrarbæjar eru ekki leyfilegar nema með leyfi íþróttadeildar og umhverfis- og mannvirkjasviðs bæjarins. Uppsetning og viðhald á auglýsingaskiltum er á ábyrgð Nökkva. Auglýsingar sem varða stjórnsmál eða trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi eru ekki leyfilegar. Einnig ber að virða almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi nr. 6/2002 og lög um samkeppni nr. 8/1993.

Gert er ráð fyrir merki Akureyrarbæjar sé miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum mannvirkjum.



## Fylgiskjal nr. 4 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni

Verkskipting\* milli Umhverfis- og mannvirkjasviðs (UMSA), Íþróttadeildar (ÍþR) og Nökkva á verkefnum varðandi rekstur og umsjón félagssvæðis Nökkva er eftirfarandi:

Félagssvæði Nökkva	UMSA	ÍþR	Nökkvi
<b>Almennt</b>	UMSA	ÍþR	Nökkvi
Daglegt, vikulegt og mánaðarlegt eftirlit með húsnæði			X
Þrif			X
Rafmagn		X	
Hiti		X	
Snjómokstur frá hurðum			X
Bruna- og húseigendatrygging	X		
Starfsmannatryggingar			X
Notendatrygging			X
Peruskripti utan loftlýsingar í sal			X
Peruskripti í sal	X	X	
Viðhald innan dyra (málning, gólfefni, loftefni, fastar innréttingar, allar nýlagnir og endurbætur á lögnum, ný kerfi skv. reglugerðum)	X		
Viðhald utanhúss utan dyra (málun, viðgerðir á útveggjum, þak, þakkantur og þakrennur, gluggapóstur og gler, merkingar)	X		
<b>Loftræsting</b>	UMSA	ÍþR	Nökkvi
Síuskripti	X		
Daglegt eftirlit			X
<b>Brunaviðvörðunar- og öryggiskerfi</b>	UMSA	ÍþR	Nökkvi
Árlegt eftirlit	X		
Tenging við vaktstöð			X
Endurnýjun slökkvitækja sem nauðsynleg er vegna umsagnar eldvarnareftirlits	X		
Rekstur bruna- og/eða öryggiskerfa, þ.m.t. slökkvitækja	X		
<b>Tæki og búnaður</b>	UMSA	ÍþR	Nökkvi
Viðgerðir á tækjum og húsgögnum			X

\*verkskiptingin er ekki tæmandi

## Fylgiskjal nr. 5 – Mannréttindastefna Akureyrarbæjar og listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja

1. Mannréttindastefna Akureyrarbæjar
  - [https://www.akureyri.is/static/research/files/mannrettindastefna\\_akureyrarbæjar\\_2020-2023pdf](https://www.akureyri.is/static/research/files/mannrettindastefna_akureyrarbæjar_2020-2023pdf)
2. Skyldur leigusala og leigutaka
  - <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/skyldur-leigusala-og-leigutaka.pdf>
3. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
  - <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.124.html>
4. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003
  - <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/o-ryggis-og-eftirlitshandbo-k-fyrir-i-thro-ttahu-s-2003lr.pdf>
5. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum
  - <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/reglur-um-badvorslu-i-ithrottahusum-og-sundlaugum-hja-grunn.pdf>
6. Reglur um þrif og öryggisatriði í íþróttamannvirkjum
  - [https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/ust-2010\\_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/ust-2010_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf)
7. Umgengisreglur í íþróttahúsum Akureyrarbæjar
  - <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/umgengisreglur-i-ithrottahusum-akureyrarbaejar.pdf>
8. Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar
  - <https://www.akureyri.is/static/files/Stjornsysla/Reglurstyrkv.pdf>
9. Vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins, styðjast skal við vinnuumhverfisvísa fyrir skóla
  - [https://www.vinnueftirlit.is/media/vinnuumhverfisvisar-starfsgreina/15\\_skolar-visfe15.doc](https://www.vinnueftirlit.is/media/vinnuumhverfisvisar-starfsgreina/15_skolar-visfe15.doc)

TJH

